



Reykjanesbæ 9. apríl 2019

## Fréttatilkynning

**Efni: Sölustöðvun og innköllun á Asian Wok Mix frá COOP vegna ómerktra ofnæmis- og óþolsvalda.**

Samkaup hafa í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, ákveðið að innkalla af markaði Asian Wok Mix frá Coop með strikamerkið 7340011428725. Ástæða innköllunar er ómerktur ofnæmis- og óþolsvaldur (sellerí).

**Vöruheiti:** „Asian Wok Mix“.

**Vörumerki:** Coop

**Nettóþyngd:** 500 g

**Strikamerki:** 7340011428725

**Sölu- og dreifingaraðili:** Samkaup hf., Krossmóa 4, 230 Reykjanesbæ

**Best fyrir merking:** 13/06/2020

**Umbúðir:** Plastpokar

**Geymsluskilyrði:** Frystivara

**Dreifing:** Verslanir Nettó, Kjörbúðarinnar, Krambúðarinnar og Samkaup Strax.

Sellerí er á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda. Tekið skal fram að varan er skaðlaus þeim sem ekki eru viðkvæmir fyrir selleríi.

Viðskiptavinir sem hafa keypt umrædda vöru og eru viðkvæmir fyrir selleríi eru hvattir til að skila vörunni í viðkomandi verslun, ef hún er merkt með umræddri dagsetningu, og fá þá endurgreitt.